

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 23. maí 2011.

1105024 IE

Efni: Umsögn um 674. mál, þskj. 1191, lþ. 139, frv. til laga um Stjórnarráð Íslands.

Með tölvubréfi dags. 12. maí 2011, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um 674. mál, þskj. 1191, lþ. 139, frv. til laga um Stjórnarráð Íslands.

Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við þá breytingu sem hér er lögð til að ekki verði lengur kveðið á um heiti ráðuneyta í lögum um Stjórnarráð Íslands. Jafnréttisstofa vill þó koma með ábendingar og athugasemdir varðandi nokkur ákvæði frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um fjölda ráðuneyta. Jafnréttisstofa bendir á að í þessari grein ætti að vera kveðið á um það að kynjahlutfall ráðherra ætti að vera sem jafnast. Jafnvel mætti setja inn í greinina að þess skuli gætt að hlutfallið sé aldrei minna en 40%. Að kveða á um hlutfall kynjanna í ráðuneytum er í samræmi við jafnréttislög og þær meginreglur sem þar koma fram um að jafna stöðu kynjanna í hvívetna, ekki síst í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Um 18. gr.

Í 1. ml. greinarinnar kemur fram að ráðherra skipi ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra. Jafnréttisstofa bendir á í þessu samhengi að gæta þarf að ákvæðum jafnréttislaga, sérstaklega 18. gr. laganna, við skipanir í embætti. Jafnréttisstofa veltir því upp hvort vísa ætti til jafnréttislaganna varðandi þetta. Sama á við um 2. ml. greinarinnar, en þar kemur fram að ráðuneytisstjóri sé í fyrirsvari fyrir ráðningu annarra starfsmanna ráðuneytis, en varðandi þær ráðningar þarf einnig að taka mið af jafnréttislögum, sérstaklega 18. gr.

Um 19. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um hæfisnefnd varðandi skipanir í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra. Það segir að skipa skuli þrjá í þessa nefnda. Nauðsynlegt er að tryggja að í nefndinni sitji bæði konur og karlar. Jafnréttisstofa leggur því til að kveðið



Jafnréttisstofa


verði á um það í greininni. Varðandi 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins þá bendir Jafnréttisstofa á nauðsyn þess að í þeim reglum sem settar varða um störf nefndarinnar, verði frumvarp þetta að lögum, verði skýrt kveðið á um að nefndin þurfi að líta til jafnréttislaga við mat á þeim einstaklingum sem til greina koma í viðkomandi embætti/störf.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að forsætisráðherra skipi samhæfingarnefnd um siðferðilega viðmið fyrir stjórnsýsluna. Um er að ræða sjö manna nefnd. Jafnréttisstofa bendir á að það þurfi að vera skýrt, og ljóst öllum sem tilnefna í nefndina að þeir þurfi að tilnefna bæði konu og karl, sbr. 15. gr. jafnréttislaga. Skipunaraðili ber síðan ábyrgð á því að skipun nefndarinnar sé í samræmi við 15. gr. jafnréttislaganna, en þar segir að þegar um sé að ræða fleiri fulltrúa í nefnd en 3 þá skuli hlutfall annars kyns aldrei vera lægra en 40%.

Sé óskað ferkari upplýsinga eða skýringa þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur